



Forkeppni fyrir Evrópuleika Fyrirtækja 2007

Evrópuleikar fyrirtækja, European Company Sports Games verða haldnir í Álaborg í Danmörku, dagana 27. júní til 1. júlí 2007 og getur Ísland nú í fyrsta skipti tekið þátt í þessari keppni. Í keilu verður keppt í 4ra manna liðum og geta lið verið blönduð körlum og konum, konur fá 5 pinna á leik í forgjöf.

KLÍ heldur nú forkeppni fyrir Evrópuleikana og þurfa sigurvegarar í forkeppni að skuldbinda sig til þátttöku á Evrópuleikunum.

KLÍ mun greiða þáttökugjöld á Evrópuleikunum en að öðru leyti þarf viðkomandi lið að standa straum af keppni og ferðum sjálf.

Forkeppnin verður haldin laugardaginn 17. febrúar 2007 kl. 12.00 og síðar ef mikil þátttaka verður.

Leikið er í 4ra manna liðum sem mega vera blönduð og fá konur 5 pinna í forgjöf pr leik. Leiknir verða 3 leikir og ræður heildarskor röð liða.

Verð í forkeppnina er kr. 5.000,-

Leikið verður samkvæmt keppnisreglum KLÍ.

Skráning fer fram á netfanginu skraning (há) kli.is og lýkur fimmtudaginn 15. febrúar kl. 22.00

KLÍ

P.S.: Nánari upplýsingar um keppnisfyrirkomulag á Evrópuleikunum er hægt að nálgast hjá valgeir (há) kli.is eða í síma 825-4600